

## Hálendisvakt Fjallabak 2011

### Föstudagur 15. Júlí

Lagt var af stað úr Þórnyjarbúð rétt fyrir hádegi, eftir smá kaffifund með þátttakendum, nokkrum sem komust ekki og aðstandendum. Áður hafði farið fram verkstæðisviðgerð í hveli á Patrol vegna pakkdósar sem lak með. Aðeins fjórir, Ragnar, Maggi, Anna og Brynjar, lögðu af stað á báðum bílunum og með fjórhjól og eldsneyti á kerru, svo nánast allur tækjaflotinn var með í för og mjög rúmt um mannskapinn. Hólmar og Guðrún mættu svo á svæðið um kvöldið með „sín tæki öll“ og hunda. Björgunarsveitin Suðurnes var á vaktinni þegar við komum í Landmannalaugar og vikan búin að vera erilsöm hjá þeim, vegna mikillar umferðar um hjáleiðina Fjallabak þar sem þjóðvegur 1 var í sundur eftir hlaupið í Múlavísl. Skiptst var á upplýsingum og spjallað áður en þau kvöddu með sína tvo bíla og sexhjól.

Nokkur smáverkefni í Landmannalaugar duttu inn um kvöldið, bílaviðgerð, lekavandamál og vöðvanudd en annars fór tíminn í að koma sér fyrir í kofanum og tjaldvagninum.

### Laugardagur 16. Júlí

Svalur morgunn en rættist úr veðri, þótt blési hressilega og ösku/sandmistur í lofti.

Laugarvegshlaupið var þennan dag og um 330 hlauparar ræstir um morguninn og því þröngt á þingi í salernisskálunum þar sem hlauparar voru að maka á sig vaselini og lagfæra hnésokka og skóreimar. Við skiptum hópnum og fór einn bíll inn að Herðubreiðarhálsi að hitta björgunarsveitina Stráka, sem var á aukavakt í Hólaskjólí og hinn inn í Veiðivötn að huga að biluðum bíl. Seinna um daginn kom annar dráttur út að Sigöldu og stefndi í þriðja bílaverkefnið, þegar Neyðarlínan kallaði út vegna festu á Pokahrygg, en það var afturkallað skömmu síðar. Annars var spjallað við fólk um færð og vöð og hugað að konu sem líklega var með einkenni sólstings.

Grill í boði Stjórnugríss um kvöldið.

### Sunnudagur 17. Júlí

Fallegur morgunn með sól og stillu og eins um kvöldið, en nokkuð rigndi um miðjan dag. Aftur deildu menn með sér verkefnum og fór einn hópur um Pokahryggi niður í Dalakofa að sækja Maríu, sem endaði þar fimm daga gönguferð um Strútsstíg og syðra Fjallabak. Á leiðinni var nokkuð um snjóskafla sem töfðu okkur lítilliga en vegurinn var aðeins fær breyttum bílum. Falleg fjallasýn hvert sem litið var og allt að sex jöklar í sjónlínu í einu. Maríu var kippt upp í bílinn við Dalakofa og haldið áfram um Syðri Fjallabaksleið að hitta skálaverði við Álftavatn og Hvanngil. Á leiðinni barst útkall frá Neyðarlínu um tvo útlendinga sem höfðu fest bíl sinn í á og var staðsetningin nokkuð óljós, þótt ökumaðurinn nefndi staðinn suður af Eldgjá. Fór Kjölur 2 frá Landmannalaugum og keyrði réttisælis á móti Kili 1 niður á Fjallabaksleið syðri í leit að slysstað. Mættust menn nánast við Syðri Ófæru, þar sem Cherokee sat á steini í miðri ánni og fólkíð stóð hrakið og kalt með allan sinn farangur á bakkanum. Bíllinn var losaður og skilinn eftir á árbakkanum og fólkíð tekið með niður í Hrauneyjar, þegar í ljós kom að það var að fara í flug frá Keflavík um miðnætti. Íslenskur tengiliður fór í þá vinnu að skipuleggja síðasta legginn í flugstöðina, en ekki er vitað hvort endaspretturinn hafðist.

Á meðan þessu gekk mætti formaður sveitarinnar ásamt fjölskyldu og vinafólki í Landmannalaugar og sá um upplýsingagjöf til ferðamanna. Var myndað lítið þorp við kofann okkar og borðaði hópurinn saman úti í kvöldsólinni. Eftir mat reyndi Neyðarlínan að plata okkur í útkall á Lakavegi, en tókst ekki. Þess í stað fengum við fastan bíl í Helliskvísl seint um kvöldið og tók sú aðgerð fram á nótt. Bílstjórinn hafði tekið ranga stefnu yfir vaðið og sat bíllinn með þremur ferðamönnum, sem hann var að lóðsa, pikkfastur í sandbleytu. Reynt var að moka frá, tjakka upp og draga en hætt við þegar stefndi í tjón á

bílnum. Endað var á að fá aðstoð bænda sem voru í hópferð vegna fjárflutninga. Voru þeir ekki lengi að lyfta bílnum upp og draga á fast við mikinn fögnuð sveitunga sinna. Fylgdum við í framhaldinu þreyttum og leirugum ferðamönnum inn að Hellisskála áður við gátum hent okkur í koju um tvöleytið.

Mánudagur 18. Júlí

Neyðarlínan vakti okkur um miðja nótt vegna rútu með 50 farþegum, sem hafði bilað norðan við Laugar en sem betur fer hrökk hún í gang, áður en mannskapurinn var allur kominn út í bíl. Um morguninn var farið að Ljótapolli í netsamband og skýrslugerð á einum bíl. Á sama tíma fór í gang eftirgrennslan á vegum Lögreglunnar á Hvolsvelli eftir göngumanni sem hafði ætlað að ganga frá Áfangagili í Landmannalaugar, en ekkert hafði frést af. Með því að rekja slóðina milli skála kom í ljós að viðkomandi hafði ákveðið að halda niður í Þórsmörk í félagi við annan mann. Allt í góðu þar. Gestir okkar og aðstoðarmenn þökkuðu föggum saman og héldu til byggða. Gott veður var í Laugum og talsvert af fólki. Seinnipartinn var tíminn nýttur til æfinga á ökutækin. Um kvöldið var gengið í að aðstoða göngumenn með að hafa upp á matarsendingu, sem þeir áttu einhvers staðar á svæðinu. Voru menn tilbúnir að hlaupa undir bakka með eitthvað í gogginn úr matartjöldum og okkar kofa en leitinn bar blessunarlega árangur. Þeir hörðustu stungu sér í laugina sem þótti óvenju svöl og svo var spilað fram á rauða nótt.

Þriðjudagur 19. Júlí

„Busy dagur“ hjá hópum. Fallegt veður með sterkri sól megnið af deginum. Seinnipartinn gerði staðbundið nokkrar skúrir. Anna og María gengu Laugahringinn og spjölluðu við ferðamenn og fararstjóra. Um morguninn var fylgst með belgískum göngumanni sem skálaverðir höfðu áhyggjur af. Var hann talinn í einhverju ójafnvægi og illa búinn. Spjallað var við kauða á góðu nótunum og fylgst með þegar hann lagði í göngu með allt sitt hafurtask. Seinna um kvöldið skilaði hann sér niður í Laugar aftur og meldaði sig samvisskusamlega hjá okkur. Fyrr um daginn höfðu Hólmar, Guðrún og Maggi farið á K1 og Binni á K10 inn að Langasjó og Skaftárskála. Planið var að fara í Hólaskjól líka, en það fór forgörðum vegna verkefnis. Allt í einu gerði mikinn erli; hausverkur vegna vökvaskorts líklega, verkir vegna grindargliðunar, tveir bilaðir bílar á planinu, Helgi Kyndils formaður leit við í heimsókn, Ísraelar að spyrja hvað væri merkilegt að sjá hérna og að lokum tvær bílafestur. Ein kom í gegnum Neyðarlínu/Lögreglu og hin frá Diktu skálaverði. Við Kirkjufellsós voru fastir 7 Ítalir en þegar við komum á staðinn var bíllinn kominn á þurrt, þó farangur og mannskapur væri enn blautur. Samskiptaörðugleikar sökum slæmrar enskukunnáttu einkenndu þetta kvöld. Bíll var skilinn eftir en fólk og hafurtask flutt inn í bækestöð okkar í Landmannalaugar. Eldað ofan í mannskapinn, heitt á könnum og nasl. Bækur, spil og teppi til afþreyingar. Einnig sýndi Hólmar þeim á Ford, hvernig á að fara yfir vað - grunur að þau hafi keyrt á fullu farti í vaðið. Starfsmaður Hertz kom síðan með annan bíl aftan á kerru og settist niður með þeim og gaf þeim afarkosti. Dýrt spaug líklegast og hálfónýtt frí. Við borðuðum síðan afgangana eftir að þau höfðu borðað.

Miðvikudagur 20. júlí

Veðurspáin hljómaði mjög vel og dagurinn lofaði góðu, en um hádegi var orðið heldur kalt aftur. Alltaf er kaldara inni í húsi en úti. Brynjar fór á Patrol í bæinn fyrir hádegi og hafði Kjölur 2 þar með lokið sinni hálendisvakt. Hólmar og Guðrún héldu líka til byggða en ekki fyrr en undir kvöld, eftir að búíð var að fara eftirlitsferð inn í Jökulheima. Á meðan var fjórhjólíð til taks við bækestöð en skaut líka í eftirlitsferð og bjargaði óvönnum öikumönnum á bílaleigubíl úr sjálfheldu í brattri brekku. Smáverkefni voru yfir daginn – dekkjaviðgerð, plástur, lán á teppi og leiðbeiningar til ferðamanna. Í smá stund stefndi í björgun eldri, örmagna göngumanns í Laugahrauni, en viðkomandi var ekki meira

búinn á því, en að hann lallaði sér sjálfur niður úr Grænagili, um 10 mínútum á eftir þeim, sem hljóp og óskaði eftir aðstoð.

Annað skondið atvik varð þegar Ítalskur ferðamaður kom í skála og bað um kok-tjekk, þar sem hann hafði grun um hálsbólgu. Tunguspaði og vasaljós voru dregin upp og beðið um AA'íð. Þrátt fyrir eymslin var maðurinn hinn ræðnasti og talaði mikið um Víagra og Pfizer.com, sem First Responderen ómögulega gat tengt við einkennin. Þegar búið var að greiða úr tungumálafækjum kom í ljós að maðurinn starfaði hjá fyrirtækinu og var vel byrgur af alls kyns meðölum, s.s. fúkkalyfjum. Kvöldmaturinn var eldaður í sömu skammtastærð og hina dagana, það er fyrir 7 manns og var hægt að bjóða upp á matarúthlutun á tjaldstæðinu eftir að hópurinn hafði borðað. Fengu færri en vildu, enda svínakjöt frá heimasvæði í boði.

Um kvöldið fengum við aftur „bílaleigu-Svarta Pétur“ þegar þrír Rússar drektu jeppa sínum í á við Landmannahellir og við sátum uppi með fólk og farangur. Bílaleigan gat eða vildi ekki útvega annan bíl og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir við að útvega Rússunum gistingu í Hrauneyjum, bíl frá öðru fyrirtæki eða samband við skipuleggjanda ferðarinnar, urðum við að segja pass. Góðhjartaður íslenskur rútbílstjóri bjargaði ferðalöngunum (og okkur) á endanum og bauðst til að skutla þeim í bæinn.

#### Fimmtudagur 21. Júlí

Þoka um morguninn, sem þó létti fljótlega og úr varð hið besta veður, líklega um 16° hiti. Morguninn fór í að aðstoða Íslendinga með að koma mótorhjóli í gang og skrifa skýrslur. Gestagangur var við kaffiborðið síðdegis, þegar stórfjölskylda Maríu/Önnu ásamt Ingólfi frá SL komu í heimsókn. Gengið var um Laugahraunið í blíðviðrinu. Friðrik varð eftir til þess að reyna við sína fyrstu Hálendisvakt og Bjarni einnig sem næturgestur á gólfi.

Meðan Ingólfur var á svæðinu var talsvert að gera: tilkynnt um fastan bíl í Jökuldölum og strax á eftir hjartatilfelli í Hrafninnuhrauni. Maggi, Ragnar og Ingólfur kipptu bílnum sem var drekkhlaðinn trússbíll með kerru upp úr árfarveginum og fengu Brodda landvörð á staðinn, þar sem um utanvegaakstur var að ræða. Eins og máltækið segir: stundum er betri krókur en kelda!

Þyrlan var ræst í hjartatilfellið og sótti sjúklinginn, en við fórum með fjóra menn áleiðis sem varalið. Staðsetningin var langt frá Landmannalaugum, á gönguleið frá Hrafninnuskeri norðan við Laufafelli og hefði orðið talsverður burður.

Gestir fóru til byggða en aðrir komu í staðinn um kvöldið og gistu við skálann. Strákarnir skriðu undir Kjöl 1 og gerðu við balansstöng sem hafði losnað um.

#### Föstudagur 22. Júlí

Aftur var þoka um morguninn sem lyfti sér fljótlega. Menn drifu sig í að byrja á verkefni sem Ingólfur kom með daginn áður og skráðu fjögur vöð á Fjallabaksleið. Úr þeim leiðangri fengust nokkrar númeraplötur til viðbótar í safnið. Plöturnar urðu svo að skiptimynt, þegar veiðiverðir frá Eskihlíðarvatni komu í heimsókn og vildu skipta á fiskflökum og plötum.

Byrjað var að ganga frá í kofa og um leið nokkrum smátífellum sinnt: sprungið dekk, start og hælmeiðsli. Landvörður kallaði okkur út vegna konu sem var í sjálfheldu í Löðmundi í miðjum fráganginum og skildum við Maríu eftir með það verkefni, auk kjálka sem var farinn úr lið og bílaverkefnis.

Ársæll mætti snemma á vaktina og kom hópur frá þeim á eftir okkur í Löðmundarverkefnið. Smá tíma tók að staðsetja konuna í klettunum í Skálinni, enda var hún kyrrsett á lítilli syllu, í hvarfi inni í gili. Mikill bratti var á staðnum og laust grjót og því ákveðið að síga niður ofanfrá. Konan var aðstoðuð við að síga niður til björgunarmanna og gekk aðgerðin vel, þótt rignt hafi um tíma. Konan var nokkuð

skelkuð eftir atvikið og fékk far með okkur, þegar við fórum í bæinn seinna um kvöldið. Farangur okkar var sóttur í Laugar og spjallað við Ársælinga, meðan við hresstum okkur á grilluðum silungi og hamborgurum, sem nýja vaktin eldaði ofan í okkur. Land- og skálaverðir voru kvaddir með knúsi eftir indæla viku og Ársæli óskað góðs gengis. Ferðalagið heim gekk eins og í sögu, þótt brottfarartími væri seinn og var komið í Þórnyjarbúð um tvö-leytið um nóttina.

Alls voru eknir rúmir 1700 km.